

Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um byggðakvóta.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hver voru markmið Byggðastofnunar við úthlutun byggðakvótans, sem stofnunin hefur til ráðstöfunar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXVI í lögum um stjórn fiskveiða, og hvaða reglum var fylgt við úthlutun hans?
2. Hverjir fengu úthlutað byggðakvóta og í hvaða magni?
3. Hver hefur verið þróun fiskveiðiheimilda, landaðs afla og skipastóls í þeim byggðum sem byggðakvóta var ráðstafað til?
4. Hvaða áhrif má ætla að þessi aukning aflaheimilda muni hafa á skilyrði til búsetu í þeim byggðum sem hér um ræðir?

Skriflegt svar óskast.